

Fundargerð stjórnar Rauða krossins á Íslandi

Fundurinn er númer 16 hjá núverandi stjórn og númer 999 frá upphafi.

Viðstaddir: Sveinn Kristinsson, Helgi Ívarsson, Gísli Friðriksson, Hrund Snorradóttir, Margrét Vagnsdóttir, Oddrún Kristjánsdóttir, Ívar Kristinsson, Þóra Björk Nikulásdóttir, Jónas Sigurðsson og Halldór Valdimarsson í síma. Sigrún Árnadóttir og Ragna Árnadóttir boðuðu forföll. Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri, og Dögg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, sem rituðu saman fundargerð.

Gengið til dagskrár kl. 11.47.

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Fundargerð framkvæmdaráðs frá 22. apríl
Lögð fram

2. Fundargerð stjórnarfundar frá 18. mars
Samþykkt.

Gísli mætti á fundinn kl. 12.05.

3. Ársuppgjör 2015

Fulltrúar frá Grant Thornton, endurskoðendurnir Agnar Páll Ingólfsson og Halldór Óli Úlriksson, ásamt Örnú Harðardóttur fjármálastjóra Rauða krossins, komu á fundinn og kynntu endurskoðun ársreikninga Rauða krossins, þ.e. fyrir Fatasöfnun, Sjúkrabílasjóð, landsskrifstofu og samstæðureikning. Ársreikningar Fatasöfnunar og Sjúkrabílasjóðs voru tilbúnir til samþykktar, en drög voru kynnt að ársreikningi landsskrifstofu og samstæðureikningi.

Stjórn samþykkti ársreikninga Fatasöfnunar og Sjúkrabílasjóðs og skrifaði undir þá.

Gert er ráð fyrir að drög að ársreikningi landsskrifstofu og samstæðureikningi verði tilbúin til samþykktar á næstu dögum. Stjórn fundar á framhaldsfundi 4. maí til að samþykkja þessa tvo reikninga.

Stjórn fól framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að kanna að setja upp sameiginlegan sjóð allra deilda til að geyma tekjur þeirra og kynna möguleika til þess.

Fulltrúar Grant Thornton viku af fundi kl. 13.30.

4. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016

Fjármálastjóri, Arna Harðardóttir, kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og lagði fram til samþykktar. Stjórn samþykkti endurskoðaða áætlunina.

Arna vék af fundi kl. 13.40.

5. Endurskoðun stefnu 2020

Formaður kynnti tillögu að endurskoðun stefnu 2020 og lagði fram til samþykktar. Stjórn samþykkti tillögurnar og verða þær kynntar á aðalfundi félagsins í maí til samþykktar þar af aðalfundarfulltrúum.

6. Undirbúningur fyrir aðalfund 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúninginn og helstu atriðin sem eru í deigluinni fyrir fundinn. Tillögur um fjórar málstofur á aðalfundinum voru lagðar fram:

- Framtíðarsýn Rauða krossins – erum við að mæta þörfum samfélagsins?
- Alþjóðastarf á tímum einangrunarhyggju? Þátttaka deilda í alþjóðastarfi
- Málsvarastarf og fordómar–Hvaða merkingu hafa grundvallarhugsjónir Rauða krossins?
- Hjálparstarf í borgarasamfélagi

Samþykkti stjórn ofangreindar tillögur.

7. Tillögur um lagabreytingar

Framkvæmdastjóri fór yfir þær tillögur um lagabreytingar sem borist hafa og stjórnin ræddi þær. Framkvæmdastjóra var falið að skoða betur tillögu Kópavogsdeildar varðandi verklagsreglur kjörnefndar.

Dögg vék af fundi kl. 14.00.

8. Önnur mál

- a. Minnisblað vegna undirbúningsfundar Rauða kross hreyfingarinnar fyrir World Humanitarian Summit sem haldinn var fyrir í apríl og World Humanitarian Summit sem stjórnvöld sækja í maí. Stjórnin kynnir sér minnisblaðið og fer betur yfir málið á fundi sínum 4. maí.
- b. Helgi greindi frá því að nefnd, skipuð honum, Oddrúnu og Ívari varðandi viðurkenningar á aðalfundinum hafi fundað. Nefndin hafi ályktað að það sé ekki á valdi hennar að ákvarða tilnefningu til heiðursmerkis Rauða krossins. Nefndin geti því ekki tekið afstöðu til tillögu Vestmannaeyjudeildar. Einnig hefur borist tilnefning um viðurkenningu einstaklings frá Eyjafjarðardeild og mælir nefndin með að veita þá viðurkenningu.
- c. Gísli greindi frá því að hann hafi fengið athugasemdir vegna aðalfundar Mosfellsbæjardeildar og að fundurinn hafi mögulega verið ólöglegur. Skýrsla stjórnar hafi ekki verið tilbúin fyrir fundinn og fleira í þeim dúr. Nýr stjórnarmaður sé að hætta í stjórn. Þá hafi ársreikningar hvorki verið undirritaðir né legið frammi á fundinum. Gísli fór fram á að málið yrði kannað og hvatti til að fylgst væri vel með starfsemi deildarinnar. Stjórnin ákvað að fá fundargerð aðalfundar deildarinnar fyrir fund sinn 4. maí og fara betur yfir málið.

Stjórn ákvað kl. 14.32 að fresta fundinum til 4. maí kl. 12.00.

Fleira var ekki gert.

Framhaldsfundur stjórnar 4. maí kl. 12.00

Mættir: Sveinn Kristinsson, Ívar Kristinsson, Oddrún Kristjánsdóttir, Helgi Ívarsson, Gísli Friðriksson, Jónas Sigurðsson og í síma Sigrún Árnadóttir, Margrét Vagnsdóttir, Ragna Árnadóttir, Hrund Snorradóttir og Halldór Valdimarsson. Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri, og Dögg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár kl. 12.08.

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Ársreikningur landsskrifstofu 2015

Fulltrúar frá Grant Thornton, endurskoðendurnir Agnar Páll Ingólfsson og Theodór S. Sigurbergsson, ásamt Örnú Harðardóttur fjármálastjóra Rauða krossins, komu á fundinn og lögðu fram endurskoðaðan ársreikning landsskrifstofu 2015 til staðfestingar. Stjórn samþykkti ársreikninginn og skrifaði undir hann.

2. Samstæðureikningur Rauða krossins fyrir 2015

Fulltrúarnir frá Grant Thornton lögðu fram samstæðureikninginn til staðfestingar af stjórn. Hún samþykkti reikninginn og skrifaði undir hann.
Agnar, Theodór og Arna viku af fundi kl. 12.16.

3. Tillögur að lagabreytingu

a. Tillögur laganefndar

Tillögurnar verða sendar aðalfundarfulltrúum fyrir aðalfundinn 21. maí.

b. Tillögur stjórnar

Formaður fór yfir tillögur stjórnar og stjórnin ræddi þær.

Ragna hringdi inn á fundinn kl. 12.40.

Tillaga um breytingu á 7. gr. samþykktar með ósk um að „youtube“ yrði tekið út og „með rafrænum hætti“ sett í staðinn.

Tillaga um breytingu á 13. gr. Samþykkt af 9 stjórnarmönnum, einn sat hjá, einn var á móti.

Ragna vék af fundi kl. 13.00.

Hrund yfirgaf fundinn kl. 13.10.

Breytingar á 21. grein laga RKÍ voru ræddar.

21. gr., t. b verði þannig:

Á aðalfundi skal kjósa formann sérstaklega. Deildarstjórn velur varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður, varaformaður og skoðunarmaður geta ekki jafnframt gegnt stöðu gjaldkera. Gjaldkeri má

ekki vera maki eða tengdur formanni, varaformanni eða skoðunarmanni nánnum böndum.

Tillögurnar verða lagðar fyrir aðalfund félagsins 21. maí.

c. Tillögur URKÍ

Formaður greindi frá tillögu URKÍ: Í 26. gr. 5 lið laga Rauða krossins á Íslandi falli eftirfarandi setningarnar út: „Viðkomandi deildir bera allan kostnað af þátttöku fulltrúa sinna á ungmennáþingum. Verður hún lögð fram á aðalfundi félagsins í maí.

4. Stefnuskjal um alþjóðastarf og flóttamannamál 2016-2020

Stefnuskjal um alþjóðastarf og flóttamannamál frá Atla V. Thorstensen, sviðsstjóra hjálpar- og mannúðarsviðs, var lagt fram af formanni og stjórn samþykkti skjalið.

5. Tillögur vegna 1000. stjórnarfundar

Formaður fór yfir tillögur sem lágu fyrir fundinum.

- a. Styðja þá sem fá stöðu flóttamanns eftir hælismeðferð.
- b. Styrkja Hjálparsímann 1717
- c. Byggja nýja fatasöfnunarstöð með lagerrými
Stjórn ákvað að skoða málið betur með tilliti til fjármagns.

6. Önnur mál

a. Tillaga um breytingu á árgjaldi félagsins

Formaður fór yfir tillöguna, en gert er ráð fyrir að árgjaldið fyrir 2017 verði 3100 krónur og 3500 krónur fyrir árið 2018. Var samþykkt að leggja tillöguna fyrir aðalfund.

b. Kjörnefnd

Formaður sagði að gerð væri tillaga um að í verklagsreglum kjörnefndar komi fram að hún yfirfari kjörbréf á aðalfundi.

c. Aðalfundur Mosfellsbæjardeildar

Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri neyðarvarnarsviðs, kom inn á fundinn kl. 13.27 og greindi frá aðalfundi Mosfellsbæjardeildar þar sem hann var fundarstjóri, en athugasemdir höfðu borist vegna fundarins. Stjórn gerir ekki athugasemdir við fundinn þar sem deildin hefur staðið skil á öllum gögnum.

Jón Brynjar vék af fundi kl. 13.33.

d. Tillaga frá Kópavogsdeild varðandi verklagsreglur kjörnefndar

Ívar fór yfir tillögu um verklagsreglur kjörnefndar. Stjórn ræddi tillöguna. Stjórn samþykkti að bæta við klausu b-liðar hér að ofan eða „að kjörnefnd yfirfari kjörbréf á aðalfundi“ við tillöguna og verður hún þannig lögð fyrir aðalfundinn 21. maí.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl. 13.41.

